



SAMTÖK FORSTÖÐUMANNA
SUNDSTAÐA Á ÍSLANDI

Ráðstefna haldin á Hótel Selfossi, 21. október 2011

Dagskrá

- Kl. 09:45 Setning og afhending gagna.
- Kl. 10:00 Leynast sóknarfæri í krísunni – sundstaðir í nútíð og framtíð. Stutt erindi og umræður frá félögum SFSÍ. Hafliði Halldórsson frá Reykjavík, Elín H. Gísladóttir frá Akureyri, Jón Hjálmarsson frá Garði, Arnsteinn Ingi Jóhannesson frá Vestmannaeyjum og Hartmann Kárason frá Bláa lóninu.
- Kl. 11:00 Reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum. Breytingar á reglugerð sem gefin var út 1. janúar 2011, kynning og umræður – Sigurbjörg Sæmundsdóttir ofl. frá Umhverfisstofnun.
- Kl. 12:00 Matur.
- Kl. 12:00 - 14:30 Vöru- og þjónustukynningar frá fyrirtækjum sem sérhæfa sig í vörum og þjónustu við sundstaði. Nánar kynnt á ráðstefnu.
- Kl. 13:00 – 13:15 Baðmeistaránám í Svíþjóð. Kynning á námi – Aldís Bára Reynisdóttir nemi.
- Kl. 13:15 – 13:30 Árborg – samstarf í bænum. Kynning og umræður – Bragi Bjarnason íþrótta- og tómstundafulltrúi Árborgar.
- Kl. 13:30 – 13:45 FÍÆT og SFSÍ samráð, sterkari saman. Kynning og umræður – fulltrúi FÍÆT.
- Kl. 14:30 Kaffi.
- Kl. 15:00 Aðalfundur skv. lögum SFSÍ.
- Kl. 16:30 Fundarslit.
- Kl. 17:00 Skoðunar- og fræðsluferð í boði heimamanna.
- Kl. 18:30 Hlé fram að kvöldverði.
- Kl. 19:30 Mæting í kvöldverð á Hótel Selfossi.
- Kl. 20:00 Hátíðarkvöldverður og skemmtun að hætti félaga SFSÍ.

Ár 2011, föstudaginn 21. október var haldinn aðalfundur SFSÍ. Fundurinn var haldinn á Hótel Selfossi og hófst kl. 15:00. Viðstaddir voru félagar í SFSÍ.

1. Formaður, Gunnar Hallsson setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Nýjum félögum var sérstaklega fagnað.
2. Formaður tilnefndi Jón Hjálmarsson sem fundarstjóra og Þórdísi E. Sigurðardóttur sem fundarritara. Samþykkt..
3. Fundarstjóri gaf formanni félagsins orðið um skýrslu stjórnar.

Skýrsla stjórnar SFSI árið 2010 - 2011

Stjórnina skipuðu:

Gunnar Hallsson, formaður

Guðmundur Ísidórsson, gjaldkeri

Þórdís Egló Sigurðardóttir, ritari

Guðrún Arna Gylfadóttir, meðstjórnandi

Björg Snjólfsdóttir, meðstjórnandi (gekk úr stjórn í mars 2011)

Kæru félagar.

Helstu verkefni stjórnar félagsins á þessu starfsári hafa verið að fylgja eftir þeirri gagnrýni sem upp kom í kjölfar gildistöku *reglugerðar um hollustuhætti á sund- og baðstöðum* frá 1. janúar 2011. Mörg þessara mála voru sannarlega ítarlega rædd í aðdraganda setningu reglugerðarinnar og forysta SFSÍ hafði komið athugasemdum og ábendingum rækilega á framfæri við fulltrúa ráðherra. Þrátt fyrir það ákvað ráðherra að láta reglugerðina taka gildi eins og hún er nú . Minna má á að á síðasta aðalfundi okkar sem haldinn var á Blönuduósi var reglugerðin kynnt af fulltrúum ráðuneytisins sem fengu svo, eftir góðar umræður, álit og athugasemdir fundarmanna í veganesti til að vinna með við reglugerðarsmíðina. Það olli stjórn félagsins nokkrum vonbrigðum hversu lítið tillit var tekið til ábendinga félaga okkar er reglugerðin leit svo dagsins ljós.

Stjórnin ákvað m.a . að áeggjan félagsmanna að vinna að því að ná fram sanngjörnum og eðlilegum breytingum með það að markmiði að auðvelda framkvæmd tiltekinna álitamála í reglugerðinni.

Stjórnin gerði ykkur, kæru félagar, grein fyrir þessari vinnu með dreifibréfi til ykkar í júní s.l.

Um var að ræða :

- Skilgreiningu á hugtakinu forráðamaður
- Reglugerð um merkingar; krafa um lengri tíma til aðlögunar vegna kostnaðarauka
- Að aldurmörk barna án fylgdar í sund verði miðuð við árið en ekki afmælisdag
- Kynning á reglugerðinni s.s plaköt fyrir sundstaði og fl.
- Hæfnispróf og fræðslumál.

Ég tel ástæðulaust að fara frekar yfir þessi mál hér enda hafa þau verið hér til umfjöllunar í sérstökum dagskrálið fyrr í dag.

Ég vil sérstaklega taka það fram að samskipti okkar og fulltrúa Umhverfisstofnunar og Umhverfisstofnunar hafa í alla staði verið hreinskiptin og heiðarleg þó að sönn hafi aðilar ekki verið mjög sammála um ýmis atriði þá vil ég meina að allir eru að vinna að sama markmiði . Allir vilja styrkja og bæta regluverk sundstaða og skapa trygga umgjörð til að vinna eftir. Það er hins vegar verið að horfa á leiðirnar að markmiðunum frá ólíkum sjónarhóli. Rauði þráðurinn í viðleitni okkar til breytinga er að ná fram leiðréttingu á því sem við álitum að geti gert starfsfólki sundstaða erfitt og jafnvel ómögulegt að framkvæma.

Við lifum sannarlega breytta tíma nú um stundir, þrengingar og niðurskurður, hagræðing og samþjöppun hafa verið lykilorðin og breytingar framkvæmdar í þeim anda.

Fyrir liggur að allnokkrar tilfærslur og breytingar hafa orðið í okkar hópi og til að mynda varð breyting á starfi Bjargar Snjólfsdóttur ritara stjórnar SFSÍ en hún lét af starfi forstöðumanns Ásvallalaugar síðast liðið vor og um leið hvarf hún úr stjórn SFSÍ .

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka Björgu góð kynni og ánægjulegt samstarf og óska henni alls velfarnaðar á nýjum vettvangi.

Þegar lítið er yfir þetta síðasta starfsár þá hefði ég sannarlega kosið að okkur hefði gengið hraðar fram í ýmsum úrlausnarefnum en raun varð. Okkur sækist þó fram. Ég fullyrði að samtök okkar eru tekin gildandi í umræðunni og við eigum erindi þó okkur finnist á stundum að sjónarmið okkar hafi litla vigt .

Ég merki það af samskiptum stjórnar fyrir hönd samtakanna við fulltrúa Umhverfisstofnunar og Umhverfisstofnunar að SFSÍ er sannarlega á tengslalista hjá þessum aðilum. Við eigum að halda áfram á þessari braut.

Mikilvægt er að samtök okkar hafi traust og að rekstaraðilar, stjórnvöld og aðrir þeir sem með okkur mynda skipuritið telji það mikilvægt að leita umsagna og álits samtakanna um málefni sundstaða á Íslandi og að okkar sjónarmið fái áheyrn. Stjórnin mun leggja sig fram um að ná bestu niðurstöðu mála sem kostur er hverju sinni. Ég bið ykkur kæru félagar að hafa það þó hugfast að ekki verður öllu fram náð og sitt sýnist hverjum.

Kæru félagar, samtökin okkar eru við félagarnir og um stefnu og markmið félagsins getum við haft margar og ólíkar skoðanir. Starf stjórnar eru verkefni sem glímt er við á hverjum tíma og það tekur auðvitað mið af þörfum, kröfum, væntingum og vonum félaganna og þeim tíðaranda sem við búum við á hverjum tíma. Forstöðumenn sundstaða á Íslandi hafa á síðustu tveim til þremur árum glímt við allt önnur viðfangsefni, hver á sínum stað en við var að eiga á árunum þar á undan. Menn hafa þurft að „setja hart í bak“ til að forðast kafsíglingu. Auðvitað er staðan misjöfn, sumir eru sem betur fer í ágætum málum en við erum samt öll stödd í öðru rekstarumhverfi. Það er staðan.

Sagan segir okkur að þegar kreppir að þá eflist samtakamátturinn. Í störfum mínum í stjórninni hef ég einmitt orðið var við þetta hin síðustu misseri. Það er meira um að þið látið frá ykkur heyra, kæru vinir, og ég skynja að umræðan í dag hefur þunga og ykkur er ekki sama um framgang mála. Ég hvet ykkur hér með til að halda okkur í stjórninni við efnið.

Ég vil í þessu sambandi minna ykkur á frábæran vettvang sem meðlimum SFSÍ stendur opin til skoðanaskipta, upplýsinga og fræðslu. Hér er ég auðvitað að tala um vefinn okkar www.sfsi.is. Á síðunni okkar höfum við lokaðan innrives sem ég hvet ykkur til að sameinast um að virkja betur. Það væri okkur í stjórn, sem þar sitjum í ykkar umboði, mikill og ómetanlegur styrkur að fá frá ykkur hugleiðingar, fyrirspurnir og ábendingar. Ég hvet ykkur ekki síður til að setja fram uppbyggilega gagnrýni . Gagnrýni á að hafa þann tilgang einan, að rýna til gagns. Ég kalla eftir umræðu um verkefni og störf stjórnarinnar í nútíð og framtíð.

Ég heiti ykkur því kærur félagar að stjórnin mun, svo sem hún hefur afl til, vakta og þoka fram sameiginlegum hagsmunamálum okkar. Ekki vil ég lofa að allt verði eins og allir vilja en samtök okkar eiga erndi nú sem aldrei fyrr. Því er mikilvægt að halda uppi vörnum, gera okkur gildandi og gæta þess að rödd samtaka okkar hafi farveg.

Á þessu starfsári hafa verið haldnir 5 stjórnarfundir. Einn þessara funda var haldinn hér fyrir austan fjall þar sem við funduðum á Helli eftir heimsókn í sundlaug Selfoss og til stóð að fundað yrði í Bolungarvík en af því gat ekki orðið því þrátt fyrir frábæra snertilendingu Fokkersins á Ísafjarðarflugvelli var vélinni snúið til Reykjavíkur aftur.

Ég vil að endingu þakka samstarfsfólki mínu í stjórn fyrir frábærar og skemmtilegar stundir. Má ég trúa ykkur fyrir einu, kærur félagar, þið ráðið hvort þið kjaftið frá, að sitja í stjórn SFSÍ með þessu fólki eru forréttindi.

Ykkur kærur félagar færi ég bestu þakki stjórnar fyrir góð og heiðarleg samskipti um leið og ég hvet ykkur til að halda vökunni. Sameinuð eflum við samtökin okkar best, með það að markmiði skulum við ganga inn í næsta starfsár.

Gunnar Hallsson, formaður SFSÍ

4. Ársreikningar lagðir fram og gerði Guðmundur Ísidórsson gjaldkeri grein fyrir þeim. Ekki voru gerðar athugasemdir við reikningana og þeir samþykktir – sjá ársreikninga SFSÍ 01.10.2010-30.09.2011 sem dreift var á fundi..
5. Engar lagabreytingar lágu fyrir fundinn.
6. Stjórn lagði til að félagsgjöld héldust óbreytt næsta starfsár. Samþykkt.
7. Kosning stjórnar. Kjörnefnd lagði til að Þórdís E. Sigurðardóttir hlyti endurkjör og tæki auk þess við starfi gjaldkera. Elín H, Gísladóttir og Hafliði Halldórsson kæmu ný inn í stjórn. Tillagan var samþykkt
8. Kosning skoðunarmanna og eins til vara. Kjörnefnd lagði til að Jón Hjálmarsson, Daníel Pétursson og Bjarni Kjartansson hlytu endurkjör. Tillagan var samþykkt einróma.
9. Kosning í nefndir. Kjörnefnd lagði til að Hartmann Kárason yrði kjörinn formaður kjörnefndar og Vignir Sveinsson og Logi Sigurfinnsson með honum. Tillagan var samþykkt einróma.

Stjórn og nefndir SFSÍ starfsárið 2010-11 eru þá eftirfarandi.

Formaður; Gunnar Hallsson

Gjaldkeri; Þórdís E. Sigurðardóttir

Meðstjórnendur; Guðrún Arna Gylfadóttir, Elín H. Gísladóttir og Hafliði Halldórsson.

Kjör- og ritnefnd; Hartmann Kárason, Vignir Sveinsson og Logi Sigurfinnsson.

Skoðunarmenn; Jón Hjálmarsson og Daníel L. Pétursson.

Skoðunarmaður til vara; Bjarni Kjartansson.

10. Önnur mál

- A. Ragnar Örn Pétursson óskaði eftir að fundur sendi frá sér ályktun til Umhverfissráðuneytis um að hraða vinnu sinni og auka samráð við félagið. Formaður auk fundarmanna tók undir þetta og gert var hlé á fundi og síðan lögð fram þessi ályktun;

„Aðalfundur SFSÍ haldinn á Selfossi 21. október 2011 hvetur Umhverfissráðuneytið til að hraða vinnu sinni við nauðsynlegar breytingar á reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum frá janúar 2011. SFSÍ eru

reiðubúin sem fyrr að koma að þessari vinnu með ráðuneytinu og leggja þannig sitt af mörkum til að sátt náist og flýta ferli. Jafnframt óska samtökin eftir því að upp verði tekin fyrri vinnubrögð þ.s. fulltrúi frá samtökunum eigi fulla aðild frá upphafi að vinnu við reglugerðir sem snúa að starfsstöðvum félagsmanna.“

- B. Ragnar óskaði einnig eftir að stjórn hvetti sveitarfélög til að endurmeta störf í sundlaugum þ.s. laun starfsmanna séu orðin lakari en í flestum öðrum starfsstéttum þrátt fyrir að starfsmenn þurfi að undirgangast próf (hæfnispróf laugarvarða) til að halda sínum störfum. Formaður sagði frá því að á síðasta starfsári hafi stjórn sent frá sér álíka hvatningu til sveitarfélaganna. Málinu annars vísað til nýrrar stjórnar.
- C. Gunnar Ingi Valgeirsson óskaði eftir að félagið leitaði sameiginlegra tilboða í merkingar á laugarsvæðum. Formaður lagði til að áhugasamir félagsmenn tækju að sér að undirbúa tilboðsgögn.
- D. Hartmann Kárason kvartaði undan óvirkri heimasíðu. Guðrún Arna umsjónarmaður heimasíðu hvatti félagsmenn til að senda inn efni til birtingar á síðunni auk þess að nýta spjallvef. Einnig ítrekaði hún hvatningu stjórnar til áhugasamra félagsmanna um að taka að sér umsjón síðunnar.
- E. Formaður leitaði eftir tillögum að fundarstað fyrir aðalfund næsta árs. Elín H. Gísladóttir bauð félagsmenn velkomna til Akureyrar. Fundur fagnaði því.

Fundi slitið um 16:30.